11. Vaxtareikningur í Landsbankanum.

1 blað.

B.

ungum manni, sem nýkominn var í Landsbankann, var falið að reikna út vexti og afborganir af lánum og vexti (Disconto) af víxlum. Þetta ~~starf~~ er mikið starf, margbrotið og vandasamt. „Árni sem að ekki et"... var „<u>innanbanka-endurskoðari Landsbankans</u>". Fyrst framan af var Á. að finna að því við T. að í þetta skipti hefði hann átt að <u>hækka</u> vaxtareikninginn um einn eyri, í ~~annað~~ hitt skiptið að lækka hann um einn eyri. B. reyndi að bæta ráð sitt, en altaf var Árni að koma til hans og segja. „Þarna áttirðu ekki að lækka um einn eyri og þarna áttirðu að hækka um einn eyri". B. fór að sárna undan þessum aðfinningum sem honum virtist framur ástæðu litlar og segir: Ég sé, að ég get ekki unnið þetta verk, án þess að að því sé fundið, ~~og~~ ef sé ekki nema eina leið til þess að vinna verkið svo í lagi sé og innanbankaendurskoðunarmanninum líki það, og það eru <u>fast</u>ákveðnar reglur: „Já," segir Árni, „þær eru mjög auðveldar:

„~~Það á ekki að hækka neitt eitt eyri~~, <u>ef höfðingjar</u> eiga í hlut"

„Það <u>á</u> <u>að</u> <u>lækka</u> um einn eyri, ef höfðingjar eiga í hlut. „Hjá öllum öðrum á ávalt að <u>hækka</u> um einn eyri, ef svo stendur á, að reikningurinn sýni brot úr einum eyri, en <u>aldrei</u> <u>lækka</u>."